

Fundur skólaráðs Vatnsendaskóla

18. apríl 2016 kl. 8:15

Mættir voru: Bjarki Kristjánsson 9. Krækilyngi, Lilja Hrönn Ö. Hrannarsdóttir, 10. Sortulyng, Bryndís Jónsdóttir foreldrafulltrúi, Halla Björk Marteinsdóttir foreldrafulltrúi, Halldór Sigurjónsson húsvörður, Hekla Hannibalsdóttir, skólastjóri, Ingibjörg Bjarney Bjarnadóttir kennari, Smári Þorbjörnsson, kennari og Edda Gíslrún Kjartansdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Skóladagatal 2016 - 2017:

Farið var yfir skóladagadagatal skólaársins 2016- 2017. Kynnt var að búið er að leggja skóladagatalið fyrir kennarafund og að það er að mikli leyti í samæmi við skóladagatal Hörðuvallaskóla og leikskólanna í hverfinu.

Engar athugasemdir voru gerðar.

Undir þessum lið var spurt út í frímínútnagæslu og hvort hún hafi verið aukin eftir niðurskurð. Fram kom að svo er ekki, en skipulagi á frímínútum var breytt og færri nemendur eru úti í einu og það hefur dregið úr árekstrum.

2. Skóli fyrir alla – sérfræðipjónusta og stuðningur við börn í leik og grunnskólum.

Farið var yfir grunnskólahluta skýrslunnar „Skóli fyrir alla – sérfræðipjónusta og stuðningur við börn í leik og grunnskólum“ sem er í drögum. Farið var yfir þjónustu í Vatnsendaskóla miðað við það sem fram kemur í skýrsludrögum.

Ljóst að Vatnsendaskóli þarf að gera stefnu sína í þessum málefnum sýnilegri og birta með starfsáætlun og á heimasíðu skólans.

Bryndís benti á að góða móttökuáætlun er að finna í Hólabrekkuskóla sem mögulega væri hægt að fá leyfi til að styðjast við.

Fundarmenn voru sammála um að það þarf að koma betur fram í skýrslunni hverjir forystuskólar í Kópavogi eru og hvert hlutverk þeirra er. Einnig þarf að skýra betur nokkra þætti varðandi ferla og verklag. Áætlun um fræðslu sem talað er um á bls. 9 þarf að vera sýnilegri.

Fundarmenn voru ánægðir með þá áherslu í drögum að nemendur hefðu eitthvað fram að færa um eigin málefni, enda væri það í samræmi við barnasáttmálann.

Bryndís benti á að mikilvægt er að þegar hópum er leynt og ljóst skipt eftir getu nemenda þá viti bæði foreldrar og nemendur af því og tilgangur þess sé ljós.

3. Viðmið um tölvupóstsamskipti kennara og foreldra.

Lögð var áhersla á mikilvægi þess að hafa jákvæðan tón í viðmiðum skólans um þessi samskipti. Foreldrar þurfa að vita hvernig þeir geta nálgast kennara, frekar en að fá leiðbeiningar um hvernig á ekki að hafa samskipti við þá.

Mikilvægt er að þessi samskipti séu góð, ramminn utan um þau þarf að vera skýr og nauðsynlegt er að kennarar geti sett mörk um hvenær hægt er að ná í þá og um hvað. Umræða um Mentorskráningu fór fram undir þessum lið og rætt hversu mikilvægt er að upplýsa foreldra um það sem gerist í skólanum en að það þurfi að vera á uppbyggilegan hátt.

4. Önnur mál:

Rætt var um námsmat í bókstöfum í 10. bekk og kallað eftir því að nemendur og foreldrar í 10. bekk væru upplýstir um hvar þau mál standa.

Bryndís benti á Lausnaþing sem haldið verður þann 28. apríl á Menntavísindasviði HÍ hún sendir nánari lýsingu þegar hún liggur fyrir, fjölbreytt samtök og sérfræðingar koma að þinginu.

Rætt var um skólalóðina og skort á fjölbreytni á henni og hættur.

Fundi slitið 9:30